

63
8. júlí

SAMPYKT

um

breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.

Lunda má veiða með háf í heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þartil fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gjört samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hjer með til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júlí 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

64
19. júlí **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir sjóð hjónanna Björns bónda Oddssonar og húsfreyju Rannveigar Ingibjargar Sigurðardóttur, frá Hofi í Vatnsdal, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. júlí 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð hjónanna Björns bónda Oddssonar og húsfreyju Rannveigar Ingibjargar Sigurðardóttur, frá Hofi í Vatnsdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Björns Oddssonar og Rannveigar Ingibjargar Sigurðardóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af Magnúsi prófasti Björnssyni á Prestsbakka á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu og af Oddi Björnssyni, prentmeistara frá Akureyri, til minningar um foreldra þeirra.